

SKRIFSTOFA ALÞINGIS
NEFNDADEILD

Meginatriði umsagna sem utanríkismálanefnd hefur borist um EES-samninginn

Í júní sl. sendi utanríkismálanefnd EES-samninginn 66 aðilum til umsagnar (sbr. fylgiskal). Svör hafa borist frá 34 aðilum og er meginefni þeirra birt hér á eftir.

Alþýðusamband Íslands

Í bréfi frá Alþýðusambandi Íslands segir að ASÍ sé ekki búíð að taka endanlega afstöðu til EES-samningsins. Bréfinu fylgdu eftirfarandi gögn: 1) Bráðabirgðagreinargerð miðstjórnar ASÍ um EES frá því í maí 1992, 2) Bæklingur um EES og íslenskan vinnumarkað frá því í janúar 1992, 3) tvær ályktanir sambandsstjórnarfundar ASÍ frá nóvember 1991, 4) greinargerð miðstjórnar ASÍ um samninga EFTA og EB frá 20. mars 1991.

Atvinnuleysistryggingasjóður

Stjórnin telur ekki unnt að láta í ljós álit á samningnum, þar sem fyrir liggur að endurskoða skuli löggin um atvinnuleysistryggingar.

Bandalag háskólamanna

Bandalag háskólamanna leggur áherslu á það í umsögn sinni að hvergi verði slakað á menntunarkröfum og að munur á lengd háskólanáms frá einu landi til annars verði ekki jafnaður með starfsreynslu. BHM telur líklegt að samningurinn opni leiðir fyrir íslenska háskólamenn til starfa erlendis. Bent er þó á að hindranir á hinum ýmsu sviðum mannlífsins séu svo miklar að ólíklegt sé að verulegar breytingar verði á vinnumarkaði innan EES svæðisins með gildistöku samningsins. BHM telur mikilvægt að sérstaða Íslands verði virt, bæði að því er varðar aðgang að háskólum og viðurkenningu á prófskírteinum frá löndum utan EES-svæðisins.

Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna

BHMR telur kynningu á EES-samningnum mjög ábótavant. Í umsögn segir að BHMR telji að réttarstaða launamanna og stéttarféлага muni versna með samningnum. Sem málsvari launamanna geti BHMR bent á marga ókosti og fáa kosti við samninginn og geti ekki á grundvelli fyrirbyggjandi gagna mælt með aðild Íslands að samningnum. BHMR skorar á alþingismenn að freista þess með innlendri löggjöf að koma í veg fyrir þá neikvæðu þróun sem samningarnir geti leitt af sér. BHMR skorar á utanríkismálanefnd Alþingis að leita svara við eftirfarandi spurningum áður en afstaða til EES-samningsins er tekin: 1. Hver er kostnaður Íslands við að framkvæma bindandi ákvæði samningsins sem til útgjalda horfa, sundurliðað eftir málaflokkum og samningsgreinum, bókunum og viðaukum? 2. Hver er kostnaður Íslands af þátttöku í framkvæmd samningsins? 3. Hverjar eru tekjur Íslands af samningnum, sundurliðað eftir málaflokkum og samningsgreinum, bókunum og viðaukum?

Bandalag íslenskra listamanna

Skv. umsögn Bandalags íslenskra listamanna eru í meginmála EES-samingsins tvær greinar sem snerta hagsmuni listamanna sérstaklega, 13. gr. og 65. gr. Stjórn bandalagsins gerir ekki athugasemdir við þessar greinar. Sagt er að samkeppni um störf, sem ekki tengjast notkun íslenskrar tungu sérstaklega, eigi eftir að aukast ef samingurinn verður staðfestur. Á móti þessu vegi að íslenskir listamenn ættu að eiga auðveldara með en hingað til að hasla sér völli í sinni listgrein í öðrum Evrópulöndum. Ef ekkert sé gert til að bæta starfsskilyrði íslenskra listamanna hér á landi í nánustu framtíð, megi búast við að æ fleiri munu kjósa að sinna list sinni erlendis .

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja

BSRB sá sér ekki fært að ljúka umsögn fyrir umbeðin tímamörk, en umsagnar er að vænta síðar. BSRB ítrekar samþykkt seinasta þings BSRB, þar sem sú afstaða var tekin að fara ætti fram þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn.

Búnaðarfélag Íslands

Stjórn BÍ bendir á tvö áhersluatriði í umsögn sinni. Fyrri atriðið sé óvissa um heimild íslenskra stjórnvalda til að leggja á jöfnunargjöld á innfluttar búvörur, en sé sú heimild ekki fyrir hendi gæti það haft ófyrirséðar afleiðingar í för með sér fyrir framleiðendur. Í öðru lagi leggur stjórnin áherslu á að fullkomin trygging fái sér fyrir því að erlendir ríkisborgarar öðlist ekki möguleika til að kaupa land eða eignast aðrar náttúruauðlindir á Íslandi. Án viðunandi lausna á þessum tveimur þáttum telur stjórnin ekki hægt að fallast á EES-samninginn.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands

FFSÍ hefur ekki tekið afstöðu til EES-samningsins, en vinnur nú að mótun almennrar afstöðu til helstu þátta samningsins, sem ráðgert er að liggi fyrir í nóvember n.k.

Félag íslenskra fiskimjölframleiðenda

Stjórn FÍF segir í bréfi sínu til nefndarinnar að afurðir fiskmjölsiðnaðarins séu tollfrjálsir í dag. Jafnframt segir að veiðiheimildir EB á loðnu hafi alltaf fallið Íslendingum í té á samningstímanum, þar sem íslensk stjórnvöld hafi ekki heimilað veiði á "EB-loðnunni" innan fiskveiðilögsögu landsins.

Félag íslenskra iðnrekenda

FÍÍ lýsir yfir fullum stuðningi við EES-samninginn og hvetur Alþingi eindregið til þess að staðfesta samninginn fyrir Íslands hönd. Í umsögn sinni segir að FÍÍ treysti því að stjórnvöld sinni betur aðlögun starfsskilyrða en þau gerðu í kjölfar aðildarinnar að EFTA og geri nauðsynlegar breytingar. FÍÍ leggur til að öll lög og allar reglugerðir sem settar verði í tilefni af EES-samningnum verði endurstoðaðar í samráði við hagsmunasamtök eftir eitt til tvo ár. Þá segir að skoðun og mat félagsins muni ennfremur birtast í umsögn þess um einstök lagafrumvörp sem tengjast samningnum. FÍÍ áskilur sér rétt til þess að koma frekari athugasemdum á framfæri við Alþingi síðar.

Félag rækju- og hörpuðiskframleiðenda

Félagið segist í umsögn sinni styðja þau ákvæði EES-samningsins, er varða viðskipti með afurðir úr rækju og hörpuðiski. Þegar samningurinn hefur að fullu komið til framkvæmda munu tollar á hörpuðiski lækka niður í 30% af núverandi tollum. Rækja mun áfram verða undanþegin tolli og samkeppinsstaða Íslands verður óbreytt.

Flugráð

Í umsögn segir að megin efnisþættir EES-samningsins á sviði samgangna séu aukið frelsi og samræming ákvæða. Jafnframt segir að fyrsti og annar pakki EB í þessum málaflokki séu hlutar af EES-samningnum, en að stærsta skrefið til aukins frjálsræðis og samræmingar hafi verið tekið með þriðja pakknum, sem taki gildi í EB 1. janúar 1993. Það verði væntanlega á verksviði sameiginlegu EES-nefndarinnar að taka ákvörðun um gildistöku þriðja pakkans hjá EFTA-ríkjum. Þá er sagt að forsendur aukinnar þátttöku íslenskra flugrekenda í áætlunar-eða leiguflugi innan Evrópu séu þær, að EES-samningurinn hljóti staðfestingu hér á landi svo og að sameiginlega EES-nefndin nái samkomulagi um gildistöku þriðja pakkans í EFTA-ríkjunum.

Hollustuvernd ríkisins

Í umsögn segir að fjölmargar reglugerðir og tilskipanir EB/EES á sviði umhverfismála og neytendaverndar snerti beint verksvið Hollustuverndar ríkisins. Þá segir að á sviði matvæla- og neytendaverndar fari mikil vinna fram á vegum stofnunarinnar, enda sé þar um að ræða forgangssvið sem sé ein af forsendum gildistöku EES samningsins um næstu áramót. Tvisýnt hafi verið um bolmagn stofnunarinnar til að leysa þessi verk af hendi fyrir tilsettan tíma. Almennt muni EES samningurinn valda því að kröfur verði samræmdar og muni eftirlit innan EES að öllu jöfnu fara fremur fram í framleiðslulandi en innflutningslandi. Innflutningseftirlit með matvælum svo og heilbrigðis- og umhverfiseftirlit verði því með nokkru öðru sniði en verið hefur. Segja megi að Hollustuvernd ríkisins verði að sumu leyti umboðsaðili stofnana EES og starfi því ekki eins sjálfstætt og áður skv. íslenskum lögum og reglugerðum. Tekið er fram að ekki hafi verið séð fyrir þessum kostnaði í forsendum fjárlaga, hvorki fyrir 1992 eða 1993. Mikilvægt sé vegna íslenskra hagsmuna að stofnuninni sé gert kleift að vanda undirbúning og aðlögun að EES og taki virkan þátt í sérfræðinganefndum EES í framtíðinni.

Íslensk verslun

Íslensk verslun fagnar tilkomu EES samningsins í umsögn sinni og telur að hann muni skila þjóðinni aukinni hagsæld. Samtökin telja nauðsynlegt að tryggja að starfsskilyrði fyrirtækja á svæðinu verði sem líkust, þannig að verslun flytjist ekki úr landi. Þau mæla jafnframt gegn beitingu jöfnunartolla, þó að aukin heimild fáiast með samningnum til álagningar þeirra á innflutt matvæli. Samtökin telja að aukin samkeppni í verslun muni ekki valdi miklum viðbrigðum innan greinarinnar, þar sem hún býr við fulla samkeppni innanlands og nýtur engra styrkja. Jafnframt telja þau að samningurinn muni veita greiðari aðgang að erlendum mörkuðum og möguleika á hærra skilaverði til innlendra framleiðenda, að hann muni auka samkeppni í flutningum, trygginga- og bankastarfsemi, en þessir þættir hafa áhrif á tilkostnað verslunarfyrirtækja, og að hann muni færa einstaklingum og fyrirtækjum aukna réttarvernd.

Íslenskar sjávarafurðir

Á meðan ekki hefur gengið frá tvíhliða samningi um gagnkvæmar veiðiheimildir, geta Íslenskar sjávarafurðir hf. ekki mælt með samþykkt EES-samningsins.

Jafnréttisráð

Íslensk jafnréttislög og reglur í tengslum við EES-samninginn þarf að samrýma að ýmsu leyti. Margt er enn óljóst, og verður reynslan að leiða í ljós hvort nægilegt sé að breyta núgildandi jafnréttislögum eða hvort um algera uppstokkun verði að ræða í þessum málum.

Lögmannafélag Íslands

Lögmannafélag Íslands segir í umsögn sinni að taki EES-samningurinn gildi, falli einkaréttur íslenskra lögmannna til málflytninga á Íslandi niður. Heimilt verði þó að gera lögfræðingum frá öðrum EES-löndum skylt að undirgangast próf í íslenskum lögum á íslensku, til að ganga úr skugga um að þeir uppfylli sömu hæfnisskilyrði og íslenskum lögmonnum sé ætlað að uppfylla. Þar sem öll innanlandslöggjöf sé að sjálfstöðu á íslensku, þurfi erlendir lögmennt innan EES-svæðisins að leita samvinnu við íslenska lögmennt eða læra íslensku til hlftar, vilji þeir veita lögmannsþjónustu hér á landi.

Meistara- og verktakasamband Byggingamanna

Vísað til umsagnar Landssambands iðnaðarmanna.

Neytendasamtökin

Stjórn Neytendasamtakanna telur að samningurinn sé í öllum megin atriðum til bóta hvað varðar íslenska neytendur og þá sérstaklega neytendalöggjöf. Stjórnin er fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Póst- og símamálastofnunin

Í umsögn Póst- og símamálastofnunarinnar segir að áhrif EES-samningsins á fjarskipti á Íslandi muni verða mjög veruleg, jafnvel þó að fyrirvari hafi verið gerður um ákveðin framkvæmdaratriði og tímasetningu þeirra. Ljóst sé að nauðsynlegt verði að breyta ákvæðum gildandi fjarskiptalaga og hafi nefnd verið skipuð til að endurskoða þau með tilliti til samnings. Meðal þeirra mála sem tekið verður á sé algjör aðskilnaður stjórnsýslu fjarskiptamála og fjarskiptateftirlits frá starfsrækslu fjarskiptaneta og framboð þjónustu. Með nýrri löggjöf sé ætlað að nýja fjarskiptaeftirlitsdeildin verði aðskilin að fullu frá Pósti og síma eins og tilskipanir EB geri ráð fyrir.

Sagt er að það sé álit yfirmanna Pósts og síma að aðild að EES-samningnum þurfi ekki að hafa í för með sér breytingu á einkarétti ríkisins og þar með rétti stofnunarinnar að byggja og starfrækja grunnfjarskiptakerfi landsins. Talsímaþjónustan muni einnig verða áfram í einkarétti ríkisins samkvæmt núgildandi skipunum EB. Ljóst sé þó að á þessu kunni að verða breytingar og að möguleikar eins ríkis að standa á móti þeim kunni að verða mjög takmarkaðar. Vegna þess hve talsímaþjónusta er stór þáttur í fjarskipastarfsemi og snertir í raun alla landsmennt og atvinnulíf þeirra, sé hér um mikilvægt mál að ræða.

Þegar að annari fjarskiptaþjónustu kemur, eins og gagnaflutningi, farsíma og ýmis konar virðisaukaþjónustu, segir í umsögn að telja verði að opnað verði fyrir samkeppni. Um áhrifa þessa sé mjög erfitt að spá, en hætta sé á því að fjársterkir erlendir aðilar afli sér fótfestu á hinum íslenska markaði með öflugum framboði á þjónustu og/eða lægri gjöldum. Frumskilyrði sé að Pósti og síma sé gert kleift að keppa á sama grundvelli, þ.e. að stofnunin verði ekki skattlögð með þeim hætti sem nú sé gert.

Þá er bent á að í tilskipun um opin aðgang að netum séu ákvæði þar sem áhersla sé lögð á það að gjöld verði í samræmi við tilkostnað. Á Íslandi hafa innanlandsgjöld verið tiltölulega lág, en millilandagjöld hærri en í mörgum nágrannalöndum. Hafi þetta verið gert til að jafna gjöld milli landshluta og vegna hugsanlegra áhrifa á vísitölu framfærslu. Hætta sé á að erlend fyrirtæki sjái sér leik á borði, ef Pósti og síma verði ekki gert kleift að halda takti við önnur lönd.

Rannsóknaráð ríkisins

Rannsóknaráð segist í umsögn sinni styðja staðfestingu þess hluta EES-samningsins er varðar rannsóknamál. Þar segir að samningurinn tryggi mun betri stöðu til fullrar þátttöku og áhrifa í rammaáætlunum EB um rannsóknir og þróunarstarf, en tvíhliða samningur hefði gert. Þá segir að samningurinn opni greiðari markaðsleiðir á ýmsum sviðum og auðveldi margvísleg samskipti fyrirtækja og stofnana á stóru sameiginlegu markaðssvæði. Jafnframt er sagt að Rannsóknaráð ríkisins hafi í samvinnu við Vísindaráð og menntamálaráðuneytið hafið undirbúning að þátttöku í rammaáætlunum EB á þeim forsendum að samningurinn verði staðfestur og að tillögum Íslands um sérstakan hluta áætlunarinnar varðandi nýtingu hafsins hafi verið mjög vel tekið. Að lokum er sagt að miðað við fyrri árangur Íslendinga af þátttöku í umsóknum megi ætla að á afmörkuðum sviðum getum við náð góðum árangri og þátttakan orðið bæði fjárhagslega og faglega hagstæð.

Ríkismat sjávarafurða

Í umsögn Ríkismats sjávarafurða segir að Íslendingar muni skuldbinda sig til að taka upp hliðstæðar reglur og gilda innan EB varðandi hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu sjávarafurða, staðfesti Alþingi EES-samninginn. Ríkismat segir að þessi nýja lagasetning sé afar mikilvæg íslenskum sjávarútvegi og íslenskum þjóðarbúskap, því hún sé forsenda þess að hægt sé að byggja upp enn betri ímynd af íslenskum sjávarútvegi. Í greinargerð stofnunarinnar til sjávarútvegsnefndar Alþingis er gerð athugasemd við þá hugmynd að svokallaðar "skoðunarstofur" annist opinbert eftirlit. Að lokum er tekið fram að Ísland þurfi að aðlaga sig að nýjum kröfum og breyttum áherslum hvort sem EES-samningurinn verði staðfestur eða ekki.

Ríkisútvarpið

Í umsögn Ríkisútvarpsins segir að með EES-samningnum skuldbindi íslenska ríkið sig til að leiða í lög efnisreglur tilskipunar ráðs EB "um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur", sbr. ákvæði 2. mgr. 36 gr. samningsins og X. viðauka við hann. Í umsögninni er fyrst fjallað um þýðingarskyldu og sagt að þó að ekkert sé því til fyrirstöðu að krefjast þýðingarskyldu á venjulegri útsendingu efnis frá íslenskum sjónvarpsstöðvum eða kapalkerfum, þá sé það ekki hægt þegar um sé að ræða beint endurvarp erlends efnis. Þó væri ákvæði í inngangi tilskipunar EB sem kynni að gera Íslendingum kleift að reisa rönd við háska sem afnám undantekningarlausrar þýðingarskyldu hefði í för með sér. Einnig bæri að efla innlenda dagskrárgerð gegn þessari innrás í íslenska málhelgi.

Þá er fjallað um það stefnumark að a.m.k. 10% af heildardagskrárgerðarfé verði varið til að semja evrópsk verk, þar sem framleiðendur séu óháðir sjónvarpsstöðvum. Hér væri þess að minnast að íslensk verk væru evrópsk verk. Þá skyldu aðildarríki sjá til þess að sjónvarpendur, sem væru innan lögsögu þeirra, sjónvörpuðu ekki kvikmyndaverki fyrir en liðin væru tvö ár frá því að verkið hefði fyrst verið sýnt í kvikmyndahúsi í einu aðildarríki, nema öðruvísi væri samið milli rétthafa og sjónvarpsstöðvar. Sagt er að þessar takmarkanir séu eðlilegar þegar um sé að ræða verk framleidd til sýningar fyrir kvikmyndahús fyrst og fremst, en að öðru máli gegni um sjónvarpskvikmyndir. Nauðsynlegt sé að huga að slíku, þegar breytingar á íslenskum lögum verði gerðar vegna tilskipunarinnar.

Í umsögninni segir að í ákvæðum tilskipunar EB um auglýsingar sé margt að finna, sem til bóta horfi. Einnig séu ákvæði um kostun einstakra dagskrárliða til bóta og meginreglur skynsamlegar. Sagt er að tilskipunin hafi að geyma sérstök ákvæði um vernd barna og ungmenna, um rétt þeirra til andsvara sem telja máli sínu hallað í sjónvarpsútsendingu og um bann við útsendingu efnis sem felur í sér hvatningu til haturs

á grundvelli kynþáttar, kynferðis, trúarskoðana eða þjóðernis.

Loks var haft eftir Birni Friðfinnssyni, ráðuneytisstjóra, að þar sem litið væri á starfsemi Ríkisútvarpsins sem menningarstarfsemi er undanþegin væri samkeppnisákvæðum samningsins, sbr. gr. 59 og 61, stæðist ríkjandi fyrirkomulag um afnotagjöld og auglýsingatekjur. Farið er þess á leit við utanríkismálanefnd að hagsmuna Ríkisútvarpsins verði gætt í hvívetna.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða

Í bréfi Sambands íslenskra kaupskipaútgerða kemur fram að framkvæmdastjórn EB hafi lýst því yfir að hún muni leggja fram nýjar tillögur sem eiga að stuðla að og tryggja rekstur kaupskipaflota EB undir eigin þjóðfánum. Umræddar tillögur séu í formi skattfrelsis til handa EB-farmönnum, heimilda til að nýta sér þjónustu farmanna frá þriðja heiminum og Austur-Evrópu á launakjörum sem gilda í heimalöndum umræddra farmanna, afléttingar ýmissa opinberra gjalda og mögulegs forgangs EB-skipa að visum förmum. Stjórnvöld í nágrennalöndum Íslands hafi gripið til svipaðra aðgerða til að tryggja rekstrargrundvöll kaupskipaútgerðar sinnar og koma í veg fyrir "útflöggun" kaupskipaflota sinna undir hagkvæmnisfána. Íslensku kaupskipaútgerðirnar hafi ítrekað áréttað við stjórnvöld og stéttarfélag farmanna að hliðstæð þróun hérlendis sé óumflyjanleg. Tómlæti ofangreindra aðila hafi leitt til þess að tveir þriðju hluta kaupskipaflotans sigli nú undir erlendum skráningarfánum.

Þá segir að afstaða SÍK til EES mótist af því að með aðild Íslands að samningnum muni íslensku kaupskipaútgerðirnar eiga aðgang að fyrirhuguðum stuðningsaðgerðum EB/EES. Þar að auki segir að allar aðildarútgerðir SÍK séu ekki síður fylgjandi því aukna frelsi, auknu samkeppni og heilbrigða viðskiptaumhverfi sem felist í grundvallarreglum EES og telji þær lífsnauðsyn fyrir íslenskt efnahagslíf.

Samband íslenskra tryggingafélaga

Í bréfi frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga eru þau grundvallarsjónarmið sett fram að almennt eigi að auka frelsi í viðskiptum og að stjórnin sjái ekki ástæðu til að lýsa yfir efnislegum fyrirvörum eða óska eftir sérstökum hömlum varðandi váttryggingastarfsemi. Jafnframt að við skoðun á löggjöf hér á landi, sem gengið gæti í berhöggi við EB-réttin eigi að líta til þess hvort frávik eða undanþágur séu látin líðast í einstökum ríkjum og að fyrirvarar ættu fyrst og fremst að snúast um hæfilegan aðlögunartíma. S.Í.T. telur nauðsynlegt að fá skýrt fram við umræður á Alþingi að 112. grein EES-samningsins taki almennt til alvarlegra erfiðleika í einstökum atvinnugreinum, m.ö.o. að grípa megi til ráðstafana í hvaða atvinnugrein sem er og af hvaða rekstrarörðugleikum sem vera skal. Það þýðir að öryggisákvæðið nái einnig til þjónustugreina, en einhver vafi hefur verið á því.

Samband íslenskra viðskiptabanka

Í umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka kemur fram að afstaða þess sé og hafi verið að aukið frelsi og samkeppni væri af hinu góða, en að skapa þyrfti þau rekstrarskilyrði m.a. með breytingum í skattlagningu og á bindiskyldu og lausafjárskyldu, að bankar gætu keppt á jafnréttisgrundvelli. Jafnframt segir að bankarnir hafi átt fulltrúa í opinberum nefndum er unnið hafi að smíði ýmissa frumvarpa og að á þessu stigi hafi ekkert í endanlegum samningi um EES komið bönkum á óvart. Sambandið segist muna skila greinargerðum og umsögnum um einstök frumvörp sem tengjast starfsemi og starfsskilyrðum fyrirtækja á fjármagnsmarkaði.

Seðlabanki Íslands, bankaeftirlit

Bankaeftirlitið telur að samningur um EES, ásamt breytingum á íslenskri löggjöf sem af honum leiða, muni almennt styrkja innlendan fjármagnsmarkað og samkeppnishæfni hans gagnvart erlendum mörkuðum. Jafnframt að þær breytingar sem samningurinn hefur í för með sér muni styrkja stöðu eftirlitsaðila á þessu sviði og þannig leiða til aukinnar verndar almennings, en neytendaverndarsjónarmið seu mjög ríkjandi í ýmsum reglum EB. Telur bankaeftirlitið að flestar breytingar sem samningurinn hefur í för með sér séu æskilegar í íslenskri löggjöf og muni raunar fyrr eða síðar eiga sér stað, óháð samningnum.

Staðlaráð Íslands

Staðlaráð telur vanta skýrar lagareglur á Íslandi um staðla og stöðlun og segir að í þeim reglum þurfi að kveða á um hlutverk og skyldur Staðlaráðs Íslands og annarra sem tengist stöðlun eða einstökum verkefnasviðum. Jafnframt þurfi í þeim að skilgreina hvað teljist íslenskur staðall, að kveða á um birtingu staðlanna o.fl. Þá segir að frumvörp um þessi mál hafi verið lögð fram á Alþingi, en ekki hlotið afgreiðslu.

Stéttarsamband bænda

Í umsögn sinni segir Stéttarsambandið að sé yfirhöfuð einhver vafi á því hvort EES-samningurinn brjóti í bága við stjórnarská Íslands, þá beri að breyta stjórnarskrá þannig að hún falli án vafa að breyttum aðstæðum. Stéttarsambandið telur nauðsynlegt að fá skýringu hjá stjórnvöldum á merkingu 2.-4. tölulíðs í 18. gr. frumvarpsins. Spurt er hvort markmiðið sé að opna alfarið fyrir innflutning búvara til landsins innan tiltölulega skamms tíma, um hve langan tíma sé að ræða, hver afstaða stjórnvalda sé varðandi markmið þeirrar endurskoðunar skilyrða fyrir viðskipti með landbúnaðarafurðir sem fara eigi fram á tveggja ára fresti og hvort þessi endurskoðun nái yfir allar búvörur sem framleiddar séu hérlandis.

Því næst fjallar Stéttarsambandið um jöfnunargjöld á innflutta búvöru og segir að samkvæmt orðanna hljóðan muni ekki vera mögulegt að leggja breytileg jöfnunargjöld á innfluttar mjólkurvörur. Þar sem innflutningur gæti numið allt að 10% af mjólkurframleiðslunni í landinu, hefði þetta mikil áhrif jafnt á stöðu bænda jafnt sem afurðastöðva. Stéttarsambandið segir að að öllum líkindum fái ekki úr því skorið fyrr en hjá EES-nefndinni hvort leggja megi jöfnunargjöld á innfluttar mjólkurvörur, verði samningurinn staðfestur. Slíkt tæki án efa langan tíma og á meðan yrðu mjólkurframleiðendur í óvissu um stöðu greinarinnar og væri slík staða með öllu óviðunandi.

Stéttarsambandið leggur áherslu á að tryggt verði að útlendingar geti ekki náð eignarhaldi á auðlindum landsins. Þá fjallar Stéttarsambandið um málefni garðyrkjunnar og telur allar líkur til þess að bein áhrif EES-samningsins á blómarækt í landinu geti orðið veruleg. Erfiðara sé að segja til um hin óbeinu áhrif á garðyrkuna í heild sinni. Segir að garðyrkubændur muni skýra nánar frá afstöðu greinarinnar gagnvart viðeigandi atriðum samningsins og að Stéttarsambandið styðji afstöðu þeirra til málsins. Stéttarsamband bænda áskilur sér allan rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi einstök efnisatriði á seinni stigum umræðunnar.

Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda

Á síðasta aðalfundi SÍF var samþykkt ályktun þar sem sagt er að EES-samningurinn geti orðið til mikilla hagsbóta fyrir íslenskan saltfiskiðnað, svo framarlega sem viðunandi niðurstaða fái í viðræðum við EB um framkvæmd gagnkvæmra veiðiheimilda. Skv. samningnum muni saltfiskframleiðendur keppa á jafnréttisgrundvelli um hráefni við ferskfiskútflýttjendur og frystihús og viðskiptahindranir í formi innflutningskvóta og tollar muni annaðhvort verða engir eða lækka í áföngum til ársins 1997 segir í umsögn SÍF.

Verðlagsstofnun

Verðlagsráð segist ekki telja eðlilegt að það taki afstöðu til EES-samningsins.

Verslunarráð Íslands

Verslunarráð hvetur til þess í umsögn sinni að EES-samningurinn verði samþykktur án sérstakra tafa í meðförum Alþingis, þannig að Ísland hindri ekki að samningurinn geti tekið gildi um næstu áramót. Ráðið telur að án aukningar í milliríkjaviðskiptum verði ekki umtalsverður hagvöxtur á Íslandi og að samningurinn skapi sóknarmöguleika fyrir íslenskt atvinnulíf. Þá telur Verslunarráð þær hugmyndir sem legið hafi á samningaborðum af hálfu Íslands um lausnir á tvíhliða samningum um gagnkvæmar veiðiheimildir viðunandi. Verslunarráð fagnar sérstaklega þeim þætti samningsins sem fjallar um eftirlit og úrskurð deilumála, þar sem hann eykur réttaröryggi.

Vinnuveitendasamband Íslands

Þar sem flestir þættir EES-samningsins snúa með einum eða öðrum hætti að hagsmunum atvinnurekstrarins, mun Vinnuveitendasambandið láta viðkomandi þingnefndum í té álit á einstökum efnisþáttum við umfjöllun um fylgifrúmvörp samningsins. VSÍ tekur fram að það styður mjög eindregið samþykkt EES-samningsins og telur hann eina meginforsendu þess, að nýjum stöðum verði skotið undir efnahagsstarfsemi hérlendis.

Öryrkjabandalag Íslands

Öryrkjabandalag Íslands spyr hvort utanríkismálanefnd hafi látið kanna hugsanleg áhrif EES-samningsins á íslenska félagsmálalöggjöf. Þess er farið á leit við nefndina að hún láti kanna hugsanleg áhrif á íslenska heilbrigðis- og tryggingalöggjöf.